

Athugasemdir við frumvarp til stjórnskipunarlags, þingskjal 510 — 415. mál.

Undirritaður vill vekja athygli stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar á mikilvægi þess að ný stjórnarskrá stuðli að einföldu og gagnsæju kosningakerfi sem tryggir jafnframt lýðræðisleg réttindi allra landsmanna.

Að mínu mati felur frumvarp að nýrri stjórnarskrá í sér afar flókið og ógagnsætt fyrirkomulag kosninga til Alþingis, enda hafa höfundar frumvarpsins svarað allri gagnrýni fræðimanna á þann veg að fræðimennirnir hafi misskilið tillögurnar. Kjósandi sem skilur ekki hvernig kosningakerfið virkar hefur þar með verið sviptur mikilvægum lýðræðislegum réttindum.

Jafnframt tel ég að frumvarpið feli í sér umtalsverða hættu á lýðræðishalla gagnvart þeim 37% kjósenda sem búa í landsbyggðunum. Vegna þess hve skammur tími var gefinn til athugasemda er ekki hægt að gera þeirri hættu fullnægjandi skil hér en eftirfarandi atriði þarf að skoða betur:

1. 65. gr. gerir hagsmunaaðilum á höfuðborgarsvæðinu afar auðvelt fyrir að krefjast þjóðar- atkvæðagreiðslu til að tefja eða stöðva mikilvæg framfaramál á fámennari landsvæðum sem meirihluti er fyrir á Alþingi. Jafnframt gæti meirihluti kjósenda á höfuðborgarsvæðinu hafnað flestum mikilvægum en kostnaðarsömum framkvæmdum á öðrum landsvæðum.
2. 39. gr. leiðir til þess að landsbyggðirnar fái í hæsta lagi 11 kjördæmakjörna þingmenn í stað 29 í núverandi kerfi og 23 kjördæmakjörinna þingmanna m.v. jafnt vægi atkvæða í óbreyttri kjördæmaskipan. Þingmenn sem sækja lýðræðislegt umboð sitt til landsbyggðanna yrðu þá ríflega helmingi færri en krafan um jafnt vægi atkvæða segir til um.
3. 39. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir því að minnst 33 þingmenn verði landskjörnir, en þar sem 63% kjósenda búa á einu landsvæði er tölfræðilega afar líklegt að yfirgnæfandi meirihluti landskjörinna þingmanna verði af höfuðborgarsvæðinu. Vegna margfeldisáhrifa mannfjöldans myndi frambjóðandi með 90% stuðning í núverandi Norðvesturkjördæmi t.d. lúta í lægra haldi fyrir frambjóðanda með 13% stuðning á höfuðborgarsvæðinu.
4. 39. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir persónukjöri af óróðuðum framboðslistum og er því aðeins „persónukjör“ í stærðfræðilegum skilningi. Segja má að prófkjör og þingkosning fari fram í senn og meirihluti kjósenda listans ræður þannig hvaða einstaklinga minnihlutinn kys í raun. Þannig er íbúum landsbyggðanna og öðrum minnihlutahópum gert ókleift að kjósa sína fulltrúa í óróðuðu landskjöri, að loknum kosningum fellur listaatkvæði minnihlutans alltaf í skaut þeim frambjóðendum sem meirihlutinn styður.

Nánar var fjallað um þessi atriði í fyrirlestri mínum á málþinginu *Ný stjórnarskrá – lýðræðishalli landsbyggðanna?* sem haldið var við Háskólann á Akureyri 1. desember 2012. Upptöku af ráðstefnunni má nálgast á slóðinni <http://www.unak.is/haskolinn/vefvarp>, fyrirlestur minn hefst á tímastimpli 1:08:00.

Virðingarfyllst,

Þóroddur Bjarnason
Prófessor við Háskólann á Akureyri